



Umhverfisnefnd –25.1.201

3. fundur

25. janúar 2016 kl. 09:00-

Fundarstaður: Skrifstofa Skútustaðahrepps.

Fundarmenn:

Arnheiður Rán Almardóttir, formaður

Böðvar Pétursson

Bergþór Hrafnhildardóttir

Aðalsteinn Dagsson

Arnþrúður Dagsdóttir

Starfsmenn:

(fundarritari)

(boðaði forföll á síðustu stundu)

(í fjarveru Margrétar Hólm Varldóttur)

Dagskrá:

1. Fundarsetning.
2. Tillaga Skipulagsnefndar frá 5 okt 2015.
3. Önnur mál

1. Arnheiður setti fund og bauð fundarmenn velkomna.

2. Til nefndarinnar var beint erindi um umhverfisáttak í sveitarfélaginu. Nefndin áætlað að fara í skoðunarferð með skipulags og byggingarfulltrúa á útáliðnu eða þegar snjóalög hafa minnkað. Þar verði staðan tekin og hlutaðeigandi bent á það sem betur má fara og ekki síður benda á það sem vel er gert. Nefndin leggur til að haldinn verði tiltektar mánuður, fá gáma fyrir járnaúrgang og fleira á tímabilinu maí – júní. Nefndin minnir á málningartilboð (þurfum að komast að því hvort það er enn í gildi). Nefndin leggur til að tekin verði upp sú nýbreytni að veita umhverfisverðlaun í sveitarfélaginu árlega. Hugmynd nefndarinnar er að veita annarsvegar fyrirtækjum/lögbýlum og hinsvegar

einstaklingum viðurkenningu fyrir góða umgengni og snyrtimennsku.

Gangnamannaskálar í sveitarfélaginu þurfa flestir viðhald. Nefndin beinir því til Landbúnaðar og girðingarnefndar að gera úttekt á gangnamannaskálunum og koma með tillögur að úrbótum á þeim.

3. Önnur mál: Urðunarstaður fyrir óvirkan úrgang: Á urðunarstað fyrir óvirkan úrgang er þörf á að bæta umgengni og aðgengi. Nefndin beinir því til sveitarstjórnar að grípa til viðeigandi aðgerða hið fyrsta.

Fleira ekki bókað fundi slitið 10:10.

AKNHEYUR RÍN HIMARSD

Arndís Þórunn Þórunn

Bergþóra Stefánna Þórunn

Bodva Þórunn